

# Undir meðalstyrk

## Vorsýning '85 Kjarvalsstaðir

Þótt árlegar samsýningar FIM hafi oftast nær verið haldnar að hausti, mæla engin lög fyrir um að sá háttur skuli hafður á til eilífðarnóns. Ýmislegt mælir m.a.s. gegn þeim árstíma sem heppilegum fyrir meiriháttar sýningar. Asamt með öðrum þjóðfélagsþegnum eru listamenn þá nýkomnir úr sumarleyfi og e.t.v. ekki farnir að gera sig klára fyrir sýningarstúss, auk þess sem sumarleyfi ganga á sjóði margra.

Því er það vel til fundið af sýningarnefnd félagsins að efna til sýningar að vori, þótt ekki sé til annars en að kanna viðbrögðin, meðal listamanna sem annarra. Samflot með Myndhöggvara-félaginu er einnig ágætlega við hæfi og eykur á fjölbreytnina. Um hlut þess verður fjallað nánar í annarri grein.

## Kjölfesta

Eins og tíðkast hefur á undanförunum árum, mynda nokkrir ágætir félagsmenn sérstakan kjarna á sýningunni og er það óneitanlega kjölfesta fyrir hana. Annars væri hún öllu tætingslegri en hún er. Ætli útlendur maður að draga af henni ályktanir um styrk FIM, er ég hræddur um að þær yrðu félaginu í óhag.

## Vorsýning '85

Þarna eru sem sagt heiðursgestirnir fimm annars vegar, hins vegar er fámennur og sundurlaus hópur, mest nýir félagsmenn og staðfastar félagsverur. Allt í allt eru á sýningunni 29 félagsmenn, af rúmlega 100 limum í FIM.

Ég held að það hljóti að gefa augaleið, að þegar u.þ.b. 70% félagsmanna í einhverju félagi vilja ekki, af misjafn-

legu að reida sig á framtak og góðan vilja einstakra félagsmanna, heldur verður sýningarnefnd að ganga fram fyrir skjöldu, innheimta verk með hörðu og búa til sýningar: þemasýningar, afmælissýningar, haustsýningar eða hverju nafni sem þessar sýningar nefnast.

Vorsýning '85 er sem sagt virðingaverð tilraun, en tekst ekki. Þetta er fyrsta samsýning FIM sem ég mundi vilja kalla beinlínis leiðinlega.

Hvað heiðursgestina áhrærir, þá þótti mér gaman að áður óþekktum (eða lítt þekktum) málverkum eftir Jóhann Briem og ég var impóneraður af nýjum málverkum Sigurðar Sigurðssonar, sem eru sérkennilegur blendingur festu og frjálsra pensil-dráttá. Og gott var að sjá þá reisu sem þarna er yfir nýjum málverkum Magnúsar Kjartanssonar, sem staðfestir sérstöðu hans í íslenskrum myndlist.

## Sérstök birta

En það var aðeins einn heiðursgesta sem kom mér á óvart með verkum sínum. Mér hefur fundist grafík Valgerðar Bergsdóttur heldur daufleg og ómarkviss í seinni tíð, en teikningar hennar hér, unnar að hluta með „frott-

## Myndlist

### Aðalsteinn Ingólfsson

lega gildum ástæðum, taka þátt í tilteknum og reglulegum aðgerðum, þá er um annað tveggja að ræða fyrir forystu félagsins, að hætta þessum aðgerðum alveg eða skipuleggja þær með öðrum hætti.

## Staða mála

Nú þætti mér sjálfum missir af reglubundnum úttektum á því sem venjulega er kallað „staða mála“ í íslenskrum myndlist, með stórsýningum af einhverju tagi. En þó virðist ekki hægt



Jóhann Briem.

age“ tækni, eru skínandi verk í fleiri en einni merkingu. Í þeim er myndflöturinn allur virkur og kvikur á yfirborði, en þar undir mótar fyrir ýmsum tilbrigðum, afstrakt og hlutbundnum, sem kalla aftur og aftur á áhorfandann en virðast aldrei eins. Og þrátt fyrir hið myrka yfirborð myndanna, stafar af þeim sérstakri birtu.

Hvað aðra þátttakendur áhrærir, þá fannst mér einna mest nýnæmi að táknmyndum Arnars Herbertssonar, máluðum á tréfléka eins og gamlar alt-

aristöflur, geometriskum eftirhermum Arna Páls og öndverðlegum myndum Margrétar Jónsdóttur. Málverk Einars Hákonarsonar hafa sjaldan verið heillegri og maleriskari og verk Hringis Jóhannessonar sjaldan einfaldari.

Aðrir viðstaddir eiga hér allir sólíð verk, en bæta tæpast miklu við það sem maður þegar þekkir til þeirra. Vorsýningunni fylgir afbrigðs vel gerð sýningarskrá sem vert er að þakka fyrir.



Sigurður Þórir.



Gremjan leyndi sér ekki í andliti Mary Decker þegar hún datt kylliflöt í hlaupi á Ólympíuleikunum í fyrra. Þessi mynd er ein af fjölmörgum fréttamyndum, sem eru á sýningu í Listasafni Alpýðu, sem opnuð var um helgina. Á sýningunni eru bæði erlendar og innlendar fréttamyndir.

Sýningin verður opin frá 14.00 til 22.00 um helgar og virka daga til 20.00. Hún stendur fram til 1. maí. APH

Í dag mælir Dagfari

Í dag mælir Dagfari

Í dag mælir Dagfari

# Góði dátinn Alexander

Húsnaðismál hafa verið ofarlega á baugi að undanförunum. Er það vel skiljanlegt. Helftin af þjóðinni hefur farið að ráðum foreldra sinna og flokksforingja og fest kaup á íbúð eða lóð til húsbýggingar. Á Íslandi er enginn maður með mönnum nema hann eigi sitt eigið húsnaði. Hinn helmingurinn bíður í startholunum eftir því að hafa aldur til að stökkva niður í húsgrunnana og taka þátt í þessu séríslenska ævintýri, að eignast þak yfir höfuðið. Gallinn er bara sá að menn uppgötva fljótt að húsbýggingar kosta peninga og af því enginn á peninga nú til dags kemur þessi uppgötvun fólki í opna skjöldu. Bæði er það óþægilegt að þurfa að borga með peningum sem ekki eru til og svo einnig hitt að jafnvel þótt menn gripi til þess óyðisúrreðis að slá lán þurfa þeir einnig að borga lánin. Það er alveg nýtt hér á landi enda hefur verðbólgan yfirleitt séð um þá hlöð málsins. Skuldakóngar hafa jafnan verið ríkustu menn landsins þangað til bankakerfið og Byggingasjóður tók upp á þeim fjára að verðtryggja lánin. Verðtryggingin felur það í sér að skuldarinn þarf að greiða til baka jafnvirði þeirrar krónu sem hann

fékk að lán. Fljótt á lítt sýnist það ekki ósanngjarnt en húsbýggjendur eru ekki aldellis sáttir við þá tilhögun. Þeir hafa safnast saman svo þúsundum skiptir, ýmist í Sigtúni eða Háskólabíól til að mótmæla því gerræði að þurfa að borga lánin með vöxtum og verðtryggingu. Kemur brátt að því að blankir húsbýggjendur taki Laugardalshöllina á leigu undir fundahöld sín enda stækkar sá hópur ódum sem ekki á fyrir skuldum. Er enginn vafi á því að skuldum vafnr húsbýggjendur eru langtum fleiri en landsfundarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og auk þess má með réttu benda á það, að skuldugir menn finnast víðar heldur en niðri í húsgrunnum og þeir eiga tvímælalaust samleið í þeirri kröfugerð á hendur ríkisstjórninni, að skuldir þeirra séu felldar niður. Eða hver er munurinn á því að skulda húsið eða bílinn, videotækið eða matarreiðingina ef skuldirnar eru á annað borð verðtryggðar? Annaðhvort skuldar maður eða maður skuldar ekki.

Er deginum ljósara að obblinn af Íslendingum mun bætast í þennan grátkór húsbýggjenda. Og þar sem



pólitikasar sjá það strax í hendi sér að þeir eiga engan sjéns ef þeir eru á móti skuldurum, þá hafa þeir fallið Alexander nokkrum Stefánssyni, sem nú gegnir embætti félagsmála-

ráðherra, að greiða götu þessa fólks. Alexander hefur sem sagt fengið það verkefni að koma skuldunum fyrir kattarnef svo skuldararnir fari ekki fyrir kattarnef.

Alexander hefur tekið skynsamlega á þessu vandamáli eins og góðum framsóknarmanni sémir. Hann hefur núna undanfarna mánuði haft þá meginreglu að samþykkja allt sem skuldararnir hafa fram að færa. Grátkórinn er ekki fyrr búinn að lýsa hörmungum sínum og næstu afborgunum en Alexander kemur fram í fjölmörgum og vörðkennir að allt sé satt og rétt sem um er kvartað og lofar bót og betrun. Vandamáll er það eitt að ráðherrann hefur ekki undan. Hann lýsir því stöðugt yfir að hann muni leggja fram tillögur sínar í næstu viku. Aumingja Alexander hefur hins vegar ekki fundið þessa viku vegna þess að í hverri viku, á hverjum degi, hækka skuldirnar og nýjar kröfur koma fram. Eins og staðan er í dag, er allt útilit til þess að Alexander, ef hann getur gert hlé á yfirlýsingum sínum, veiti skuldurum sérstaka umbun úr ríkissjóði fyrir að eiga ekki fyrir skuldum. Er það þakkarvert enda nær það ekki nokkurri átt að húsbýggjendur þurfi að greiða lán sín til baka. Það hefur aldrei áður þekkt hér á landi og ótækt með öllu.

Dagfari.